Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Útivist og útinám í frístundaheimilum Gufunesbæjar - lokaskýrsla

Þóra Melsted

Frístundamiðstöðin Gufunesbær

Skólaárið 2019-2020

Skýrsla um þróunar- og nýsköpunarverkefni v. Menntastefnu Reykjavíkur B-hluti.

Innihald

1. Inngangur 2

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd 2

3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra 4

4. Mat á verkefninu 4

5. Greinargerð um notkun styrkfjár 4

6. Kynning 5

Fylgiskjöl 5

1. Inngangur

Aðdragandi verkefnisins lá í umræðum milli deildarstjóra barnasviðs og forstöðumanna frístundaheimila Gufunesbæjar um stöðu útivistar og útináms á frístundaheimilunum og vilja til þess að bæta þennan þátt í starfseminni. Í öllum frístundaheimilum Gufunesbæjar er dagleg útivera þar sem börnin eru í frjálsum sem og skipulögðum leik. Skipulögð útivist og útinám er með miðsjöfnum hætti og fer að miklu leyti eftir starfsmannahópnum og þeim áhuga og þekkingu sem þar er fyrir hendi. Dæmi er um útivistarklúbba, vettvangsferðir sem hafa falið í sér upplifun og útinám, vikulegan útivistardag 1. bekkinga sem reyndur hafði verið á einu frístundaheimili o.fl.. Flest heimilin taka þátt í dagskrá sem er í boði á vegum MÚÚ.

Eftirfarandi markmið voru sett fram:

- Að virkja börn til aukinnar útiveru.
- Að tryggja að öll börn kynnist útivist og útinámi með markvissum hætti í frístundaheimilinu.
- Að stuðla að aukinni vellíðan, sjálfseflingu og félagsfærni í gegnum viðfangsefni í útivist og útinámi.
- Að festa í sessi ákveðin útivistartengd viðfangsefni sem börnum standa til boða meðan á dvöl þeirra í frístundaheimili stendur.

Í gegnum viðfangsefni eins og þau sem greint er frá hér að ofan er markvisst unnið að framtíðarsýn Menntastefnu Reykjavíkurborgar um að tryggja öllum börnum tækifæri til þess að auka þekkingu sína á samfélagi og náttúru. Með þátttöku í fjölbreyttum viðfangsefnum og verkefnum úti í náttúrunni er ýtt undir trú barnanna á eigin getu, virkni þeirra og hæfni til að starfa með öðrum, að setja sig í spor annarra og sýna öðrum börnum og náttúrunni virðingu.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Ákveðið var að fara í verkefnið til þess að jafna stöðu barna á frístundaheimilum Gufunesbæjar gagnvart útivist og útinámi.

Helstu áskoranir felast í því að finna út hvaða viðfangsefni henta hverjum árgangi og hvaða leiðir hægt er að fara til þess að öll börn á frístundaheimilum Gufunesbæjar kynnist útivist og útinámi óháð því hver áhugi og þekking starfsmanna er.

Til stóð að hefja verkefnið í september 2019 en ekki var almennilega farið af stað fyrr en komið var fram í nóvember. Í byrjun var upplýsingum safnað um það hvaða útivistarvenjur væru fyrir hendi á hverjum stað. Tveir fulltrúar forstöðumanna, þær Ásgerður Breiðfjörð Ólafsdóttir og Ásrún Ýr Rúnarsdóttir, voru tilnefndir til að halda utan um verkefnið með deildarstjóra og einnig tilnefndi MÚÚ einn fulltrúa, Nils Óskar Nilsson, til að vera tengiliður við verkefnið og þá sem halda utan um það. Fundað var með Jakobi F. Þorsteinssyni ráðgjafa úr HÍ til þess að fara yfir ýmis mál sem tengdust verkefninu og framgangi þess. Ákveðið var að leggja könnun fyrir starfsfólk frístundaheimilanna um viðhorf til útivistar. Einnig var ákveðið að starfsdagur starfsfólks frístundaheimila þann 31. janúar 2020 yrði helgaður útivist og útinámi og rætt var

um hugmyndir að verkefnum sem börnunum yrði boðið upp á af miðlægum starfsmanni, Heimi Stefánssyni, sem þá hafði nýlega náðst að ráða til verksins.

Könnunin var lögð fyrir í desember 2019 og tóku 53 starfsmenn þátt í henni (fylgiskjal 1). Margir starfsmenn höfðu á orði að hún sýndi ekki raunveruleikann að öllu leyti þar sem veður var mjög slæmt á því tímabili sem um ræddi, gular og appelsínugular viðvaranir í gildi.

Starfsdagurinn 31. janúar 2020 var skipulagður út frá útivist og útinámi og var bæði í formi fræðslu og upplifunar. Þar fór fram kynning á verkefninu og hlutverki miðlæga starfsmannsins (fylgiskjal 2), niðurstöður könnunarinnar voru kynntar og Jakob Frímann Þorsteinsson hélt fyrirlestur um útivist og útinám. Að lokinni inniveru var hópnum skipt í þrennt þar sem einn hópurinn fór í Maríuhella, annar í gönguferð í Búrfellsgjá og sá þriðji í listsköpun í Heiðmörk. Margvísleg og góð upplifun var í öllum hópunum sem nutu útivistarinnar í björtu en köldu veðri.

Fyrsta verkefnið sem börnum stóð til boða var heimsókn 2. bekkjar í Lundinn við Gufunesbæ í desember 2019. Þar tók miðlægur starfsmaður á móti þeim og sagði þeim jólasögu en að henni lokinni tóku þau þátt í jólaratleik með notkun iPada og að sjálfsögðu var boðið upp á heitt kakó og piparkökur við eldinn í Lundinum. Öll frístundaheimilin heimsóttu Lundinn þó svo að veðrið væri stundum ekki upp á það besta og tóku börnin virkan þátt í dagskránni.
Næsta verkefni var fyrir börn úr 3. og 4. bekk og fór starfsmaðurinn hjólandi út á frístundaheimilin með útbúnað fyrir LARP í hjólakerru. Byrjað var á að kveikja eld í bálskál til þess að skapa stemmningu á meðan leikurinn var kynntur og sameinast um reglur. Þessi heimsókn féll mjög vel í kramið og voru öll börnin tilbúin til að prófa leikinn. Eftir að búið var að heimsækja öll frístundaheimilin var ákveðið að vinna áfam með áhuga barnanna og fara annan hring og nú með efnivið til vopnagerðar þannig að börnin fengu möguleika á að búa til vopn sem í framhaldinu eru til taks í starfinu úti á frístundaheimilunum. Svo heppilega vildi til að rétt náðist að klára þá umferð í þann mund sem samkomubannið tók gildi og hamlaði venjubundnu starfi frístundaheimilanna.

Næsta verkefni var að bjóða börnum í 1. bekk upp á flugdrekagerð en töf varð á því sökum uppstokkunar á starfi frístundaheimilanna vegna covid19. Um leið og möguleiki gafst í byrjun maí hélt miðlægi starfsmaðurinn í heimsóknir út á frístundaheimilin og kenndi áhugasömum börnum að búa til einfalda gerð af flugdreka sem þau prófuðu að láta fljúga með misjöfnum árangri.

3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra

Reynslan sem fékkst af verkefninu er að það er mikilvægt að bjóða upp á miðlæg verkefni tengd útivist og útinámi til þess að jafna stöðu barna á frístundaheimilum. Það er jákvætt að vita að þeim standi öllum til boða að taka þátt í skipulögðum verkefnum sem ýta undir útiveru og nám í tengslum við skemmtilega upplifun. Börnin hafa undantekningarlaust verið tilbúin að prófa að taka þátt og það er mikilvægt skref fyrir þau og liður í að æfa þau að takast á við óþekkt verkefni og að vinna með öðrum.

Ekki náðist að fullu að fylgja framkvæmdaplani vegna þeirra aðstæðna sem upp komu í frístundastarfinu með breyttum viðmiðum vegna samkomubanns. Þau viðfangsefni sem prófuð voru gengu það vel að þau verða vonandi áfram á dagskrá frístundaheimilanna og er helst vilji til að möguleiki verði að ráða starfsmann miðlægt til þess að fara með verkefnin á milli staða.

4. Mat á verkefninu

Þau verkefni sem prófuð voru hófust öll á samræðum við börnin og lagt var upp úr því að fá þeirra sjónarmið fram. Í heildina gekk það vel og var mikilvægur liður í því að börnin tengdust verkefninu. Í LARP heimsóknum starfsmannsins til barnanna í 3. og 4. bekk voru lagðar nokkrar spurningar fyrir þau til þess að meta viðhorf þeirra til þátttökunnar (fylgiskjal 3).

Að nokkru leyti náðist að uppfylla markmið verkefnisins. Það tókst að bjóða upp á þrjú verkefni sem náðu til allra barna á öllum frístundaheimilum Gufunesbæjar en eitt meginmarkmiðið var að jafna tækifæri barnanna til þátttöku í útivist og útinámi óháð því hver áhugi starfsfólks eða hefðir hvers heimilis væru.

Það er ljóst að betur er hægt að vinna með marga þætti, bæði formlega og óformlega og því er mikilvægt að halda áfram að prófa verkefni fyrir hvern aldurshóp og þróa þau. Samkomubann og breytt viðmið í starfsemi frístundaheimilanna gerði það að verkum að ekki náðist að framkvæma alla þá þætti sem til stóð og ekki náðist að finna út hvaða þætti vert er að festa í sessi í starfseminni.

5. Greinargerð um notkun styrkfjár

Laun starfsmanns og launatengd gjöld: 2.293.796 kr.

Annar rekstur: 706.000 kr.

Sjá sundurliðun í fylgiskjali 4.

6. Kynning

Sagt var frá hluta af verkefninu þar sem eitt frístundaheimilanna skrifaði í hverfisblaðið um LARP heimsókn starfsmannsins og þátttöku og upplifun barnanna á því verkefni. Einnig verkefnið kynnt á rafrænu formi á Höfuð í bleyti sem fram fór 22. september 2020 (fylgiskjal 5).

Fylgiskjöl

1. Könnun á viðhorfum starfsfólks frístundaheimila til útivistar og útináms: https://docs.google.com/forms/d/1GtFrqLZYAuJi90tSV65yeSlNADS6wenvOf_mjL_jz4/viewanalytics

2. Kynning á verkefninu og hlutverki miðlægs starfsmanns fyrir starfsfólki frístundaheimilanna á starfsdegi:

   Útivist og útinám í frístundaheimilum G

3. Sýnishorn af spurningum til barna eftir þátttöku í LARP verkefninu:

   Útilíf og Gleði.pdf

4. Sundurliðun kostnaðar:

   Útivist og útinám - Sundurliðun kostna

5. Kynning á Höfuð í bleyti:

   Útivist og útinám - höfuðið í bleyti.ppt